

# Frístund - Reglur

---

- Börn í **1.-4.bekk** Höfðaskóla eiga kost á heilsdagsvistun í frístundaveri.
  - Skráning á sér stað **1. hvers mánaðar** og eru börn skráð þar til annað er tekið fram. Ef breyta á skráningu eða segja henni upp, skal það gert fyrir **20. hvers mánaðar**.
  - Greitt er fyrir fyrirfram ákveðinn tímafjölda á viku óháð því hvort barnið mæti alla dagana.
  - Ekki er tekið gjald fyrir hressingu ef barnið mætir ekki.
  - Greitt er sérstaklega fyrir alla tíma og máltíðir sem barnið er í Frístund umfram það sem er fyrirfram ákveðið ( aukatímar ).
  - Gjöld eru greidd eftirá.
- 
- Í Frístund komum við fram við hvert annað af virðingu og kurteisi.
  - Haft er samband við foreldra/forráðamenn ef upp koma árekstrar, eineltismál eða aðrar uppákomur sem starfsmönnum finnst að foreldrar/forráðamenn þurfi að vita af.
  - Umsjónarmönnum er heimilt að biðja foreldra/forráðamenn að sækja barn, eða að senda barn heim í samráði við foreldra ef alvarlegir árekstrar eiga sér stað.

